

SVAR: UMSÓKN UM ÞRÓUNARSTYRK SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS 2018 - 30.04.2018 11:36

IBUAGÁTT



Reitur	Svar
Ábyrgðarmaður umsóknar	Heiðrún Janusardóttir
Starfsstöð	Þorpið
Netfang	heidrun.janusardottir@akraneskaupstadur.is
Aðrir aðilar sem taka þátt í verkefninu	Skrifstofa skóla og frístundasviðs, Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar og safnamála og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri ferðamála.
Heiti verkefnis	Þróun og uppsetning frístunda og menningarvefs fyrir Akraneskaupstað.
Markmið verkefnis	<p>Markmið verkefnisins er að vekja athygli á því sem er í boði á Akranesi, hvað varðar frístundir og menningu og koma því saman á einn aðgengilegan og upplýstan stað. Nýr vefur mun innihalda upplýsingar um frístundir á Akranesi fyrir allan aldur, hreyfingu, útivist, útilistaverk, viðburði og margt fleira. Upplýsingarnar munu því nýtast bæði íbúum á Akranesi og ferðafólki sem hingað sækir. Vefurinn á að vera stílhreinn og smekklegur, með réttum upplýsingum og skýrum aðgerðum fyrir notendur. Endanlegt nafn á vefinn er ekki ákveðið og mun hönnun/uppsetning taka mið af því nafni sem verður fyrir valinu. Hér áður fyrr voru gefnir út bæklingar fyrir sumar og vetrarstarf frístunda barna. Því var hætt enda ekki lifandi plagg og ekki hægt að koma nýjum upplýsingum á framfæri. Jafnframt höfðaði bæklingurinn aðeins til barna en með nýjum vef er markhópurinn breikkaður. Á Akranesi er fjölbreytt menningar og frístundastarf og mundi það bæta úr miklu að hafa allar upplýsingar á einum stað. Ætlunin er að vefurinn skipti um ham að vori og hausti og setji árstíðabundna viðburði í forgrunn. Hins vegar verða fastir liðir alltaf inni.</p>

Akraneskaupstaður		
Skjalnr.	Mottaf.	Mótt dags.
14.20	anj	30. APR. 2018
Abm.	Úrv. aðil.	Málsnr. One
VJ	VJ	1804

Reitur	Svar
Lýsing á framkvæmd og tímaáætlun	<p>Nýr vefur verður sem undirvefur á heimasíðu Akraneskaupstaðar. Við uppsetningu vefsins verður horft til eftirfarandi yfirflokka á vefsvæðinu sem geta auðveldlega breyst eftir því sem verkefnið nær lengra: • Námskeið • Menning • Viðburðir • Útivist og hreyfing • Visit Akranes Námskeið og frístundir Nýtt verður eining sem var aðlöguð að þörfum Reykjanesbæjar fyrir sambærilegt verkefni Þar getur ritstjóri sett upp og stillt flokka, aldursflokka og tengt viðburð við einn eða fleiri aldurshóp. Í núverandi mynd er hvert námskeið eingöngu tengt við einn flokk, því er í núverandi kerfi ekki hægt að tengja námskeið bæði við menningu og námskeið (aðskildir flokkar). Sé þörf fyrir þessum eiginleika má bæta honum við og bætist sú vinna við áætlunina sem hér er birt. Hvert námskeið þarf að innihalda að minnsta kosti eina mynd, en setja má inn fleiri myndir sem birtast í „carousel“ inni í námskeiðinu. Fyrsta myndin er nýtt þegar viðkomandi námskeiði er deilt á Facebook. Dagsetningar eru ekki stilltar í hvert námskeið/gönguferð, heldur er það ritað í lýsingu. Viðburðardagatal Viðburðardagatalið er að öllu leyti tengt við viðburðardagatalið á vef Akraneskaupstaðar og því ekki um sjálfstætt viðburðardagatal að ræða í eiginlegri merkingu (þótt þetta sé sjálfstæður vefur). Allir viðburðir Akranes.is verða afritaðir inn í vefkerfið, en ekki birtir þeir viðburðir sem tilheyra „Fundir og ráðstefnur“, þ.e.a.s bæjarstjórnarfundir, kynningarfundir o.þ.h. Með uppfærslu á viðburðardagatalinu á vef Akraneskaupstaðar (sem er aðskilið þessari áætlun) geta notendur sent inn viðburði beint í viðburðardagatalið fyrir ritstjóra að yfirfara. Gert er ráð fyrir því að af frístundavefnum verði vísun í þessa síðu, svo notandi átti sig á að viðburður sem er sendur inn fer á báða vefina, í textalýsingu á innsendingarsíðunni má útskýra þetta (að viðburðir birtist bæði á aðalvef kaupstaðarins sem og frístundavefnum). Vefhönnun Gert er ráð fyrir snjalltækjaviðmóti (responsive web design). Útlit er stílað til fyrir þrjár gerðir af tækjum, snjallsíma, spjaldtölvur og venjulegar tölvur. Útlit aðlagast á milli þessara þriggja gerða og innihald fylgir skjástærð sjálfvirkt þannig að vefur mun alltaf líta vel út og passa í snjalltæki sama hvort um er að ræða snjalltæki með stórum eða litlum skjá. Ætlunin er að vefurinn komist í gagníð um mitt sumar 2018 eða í síðasta lagi haust 2018</p>
Mat á verkefninu	<p>Virk vefmæling verður á þessum vef eins og á heimasíðu Akraneskaupstaðar. Vefmælingin fer í gegnum um fyrirtækið Modernus. Notast verður við samfélagsmiðla einnig til að vekja athygli á vefnum og miðla þannig upplýsingum á framfæri. Vefurinn fær einnig sérstaka tilvísun á heimasíðu Akraneskaupstaðar.</p>

Reitur	Svar
Kostnaðaráætlun	Þessi kostnaðaráætlun er án vsk. Lýsing Fjöldi Samtals M-100 Moya vefumsjónarkerfi 150.000 kr. M-140 Viðmótshönnun 8 klst. 159.200 kr. M-140 Grafísk hönnun 12 klst. 238.800 kr. M-145 Vefun, HTML & CSS 26 klst. 517.400 kr. M-110 Viðburðardagatal tengt af Akranes.is 4 klst. 79.600 kr. M-135 Verkefnastjórnun, kennsla, fundir 6 klst. 119.400 kr. Samtals 56 klst. 1.264.400 kr. Afsláttur 20% -252.880 kr. Samtals stofngjald 1.011.520 kr. Annar kostnaður Mánaðargjöld (þegar vefur fer í birtingu, júlí til desember) 48.000 kr.
Upphæð sem sótt er um:	1500000
Viðhengi	
Viðhengi	
Viðhengi	